

# Aðalfundur FÁSES

26. október 2017 – Ölveri

**Mættir:** Eyrún Ellý Valsdóttir, Auður Geirsdóttir, Flosi Jón Ófeigsson, Eva Dögg Benediksdóttir, Sunna Mímisdóttir, Erna Hlín Guðjónsdóttir, Jóna Dögg Smáradóttir, Sólrún Ásta Steinsdóttir, Arndís Björnsdóttir, Soffía Björnsdóttir, Ýrr Geirsdóttir, Sævar Örn Magnússon, Ási Heimisson, Reynir Þór Eggertsson, Kristján Jóhann Pétursson, Kristín H. Kristjánsdóttir, Arna Margrét Erlingsdóttir, Konráð Valsson, Aðalgerður Guðlaugsdóttir, Ástríður M. Eymundsdóttir, Guðný María Arnþórsdóttir, Guðmundur Már Ingimarsson, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Málfríður Harðardóttir, Ísak Pálmason, Ríkey Kjartansdóttir, Halldóra Björk Bergþórsdóttir, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, Anna Sigríður Hafliðadóttir, Yngvi Björn Bergþórsson, Gísli Örn Kærnested, Elísabet Ormslev, Jóhann Örn Benediktsson, Rut Þorsteinsdóttir, Stefanía Svavarsdóttir, Garðar Þór Jónsson og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz.

*Fundur settur kl. 20:04 og gengið til dagskrár.*

## **1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Eyrún Ellý Valsdóttir, formaður bauð fundargesti velkomna. Hún bað fundargesti að skrifa nafn sitt á blað sem gekk um salinn til að taka niður mætingu. Þá lagði hún til að Sunna Mímisdóttir kynninga- og viðburðarstjóri FÁSES yrði fundarstjóri. Það var samþykkt með lófaklappi. Þá bauð hún Sunnu í pontu að taka við stjórn fundarins. Sunna lagði til að Hildur Tryggvadóttir Flóvenz ritari FÁSES yrði fundarritari. Það var samþykkt með lófaklappi.

## **2. Skýrsla stjórnar kynnt og tekin til umræðu**

Sunna kynnti næsta mál og dagskrá og bauð Eyrúnu í pontu til að fara yfir skýrslu stjórnar. Eyrún fór yfir starfið frá síðasta aðalfundi. Sagði hún frá því að á síðasta aðalfundi hefði verið samþykkt hækkun á félagsgjaldi en það hafði verið óbreytt frá stofnun. Í lok fundarins var hið sívinsæla Eurovision-bingó haldið. Í nóvember var haldið Barsvar sem Charles og Sólrún sáu um og heppnaðist vonum framar. Eyrún sagði þá frá miðauðhlutunarferlinu fyrir Eurovision í Kænugarði. Sagði hún það hafa verið rússíbanareið. Alla jafna er miðauðhlutunin hluti af jólaundirbúningi stjórnar FÁSES en í ár hafi hún ekki farið fram fyrr en í lok febrúar. Þá fór Eyrún yfir úthlutanir aftur í tíma, bæði hversu margar staðfestar miðaðskir bærust félaginu og hve mörgum miðapökkum FÁSES hafði fengið úthlutað. Ekki hefur alltaf tekist að fá miðapakka fyrir alla sem óska þess en þeir sem staðfesta miðaðskir en fá ekki miða í fyrstu lotu séu alltaf settir á biðlista og einhverjir hafi fengið miðapakka eftir að hafa verið á biðlista. Loks fór hún yfir þá þætti sem er litið til þegar miðapökkum er úthlutað til klúbbanna en þar á meðal eru meðlimafjöldi og virkni í klúbbunum. Í máli Eyrúnar kom einnig fram að FÁSES væri ört vaxandi klúbbur. Fram kom að nóg var um að vera í FÁSES frá áramótum. Eurovision-karóki var haldið á Kíkí í janúar og meðal annars tóku nokkrir ferðamenn þátt. Mikil og góð umfjöllun var á fases.is fyrir Söngvakeppnina sem haldin var í febrúar og mars. Vel heppnað fyrirpartý fyrir úrslit Söngvakeppninnar var haldið í sal Félags tölvunarfræðinga við Engjateig. RÚV kíkta í heimsókn í partýið og var með beina útsendingu í sjöfréttum frá partýinu. Þá kíkta RÚV-snappið og Vodafone-snappið líka við og fjallaði um FÁSES og partýið. Margir félagar kíkta svo í eftirpartý eftir úrslitin á Græna herberginu. Í apríl voru Júróstiklunnar haldnar á Markúsartorgi í húsnæði RÚV. Viðburðurinn var einkar vel heppnaður og var RÚV ánægt með samstarfið. Svala og Aron Brink kíkta í heimsókn, spjölluðum við gesti og leyfðu myndatökur. Þá var viðburðurinn í heild í beinni á Facebook. Fréttabréf FÁSES kom út í maí og var stútfullt að vanda. Umfjöllun var um FÁSES-féлага á Norðurlandi sem eru duglegir að hittast og bralla saman eitthvað Eurovision-tengt.

Eyrún sagði frá því að 25 manns fóru með miðapakka á vegum FÁSES til Kænugarðs en nokkrir fleiri félagar voru staddir þar. Fases.is var mjög virkt en meðal annars var viðtal við Robin Bengtson að ógleymdu viðtali við Flosa alþjóðafulltrúa FÁSES og Laufeyju ritstjóra fases.is í morgunþætti í úkraínska sjónvarpinu. Flosi stóð fyrir Eurovision Zumba á Euro Fan Café sem orðinn er árlegur viðburður. Loks var Laufey Helga Guðmundsdóttir endurkjörin ritari OGAE International á aðalfundi félagsins sem fram fór í Kænugarði. FÁSES félagar tóku þátt í Big Poll-könnuninni á vegum OGAE International sem og í OGAE Second Change-keppninni. Þar var Daði Freyr fulltrúi Íslands og lenti í 9. sæti. Þá tók FÁSES þátt í Gleðigöngunni. Öddi og Linda, félagar í FÁSES, sköfufðu bílinn en aðrir félagar tóku þátt bæði í skreytingum og að vera á vagninum. Eyrún lauk yfirferð sinni með að greina frá því að 264 félagar hefðu greitt félagsgjald fyrir árið 2016-2017 en á póstlista félagsins væru 444 aðdáendur.

Sunna opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar.

Anna Sigga þakkaði fyrir æðislegt ár og hlaut lófatak fyrir frá fundargestum.

Umræðum lauk með því að Eyrún spilaði kynningu sem Daði Freyr sendi FÁSES fyrir Júní-stíklurnar í apríl.

### **3. Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.**

Sunna kynnti næsta lið og bauð Auði, gjaldkera FÁSES, upp í pontu að kynna reikninga félagsins. Auður tilkynnti að nú færi hún yfir reikninginn í síðasta sinn þar sem hún væri að hætta í stjórn og tók til við yfirferðina. Hagnaður ársins er nokkuð stór, eða um 300.000 kr., en stærsti hluti hagnaðarins eru greidd félagsgjöld næsta árs. Að þeim frádrögnum er raunhagnaður um 29.000 kr. Þá fór Auður yfir helstu liði en ekkert í reikningum sem kom á óvart. Loks sagði Auður frá því að skoðunarmenn reikninga félagsins hefðu lagt blessun sína yfir reikninginn.

Sunna opnaði fyrir umræður.

Spurt var hvar kostnaðurinn við Gay Pride kæmi fram í reikningum. Svarið var að hann væri undir liðnum Viðburðir.

Spurt var hvort leitað hefði verið fleiri tilboða í prentun á fréttabréfi. Svarað var að leitað hefði verið eftir allmörgum tilboðum og besta tilboðið hefði komið frá Odda þetta árið. Undanfarin ár hefði fréttabréfið verið prentað hjá Umslagi en tilboðið frá þeim þetta árið hefði verið margfalt hærra en í fyrra. Oddi hefði verið fyrir valinu og samskiptin við þau og þjónustan góð.

Spurt var hvort komið hefði til skoðunar að hafa fréttabréfið rafrænt og lækka þannig kostnað. Fram kom að það hefði verið rætt, jafnvel að hafa gagnvirka möguleika en þó hefði ekki verið rætt um það samhliða að draga úr prentuðu upplagi. Fram kom hugmynd um að leyfa félögum að velja hvort þeir vildu fá fréttabréfið rafrænt eða á pappír. Áfram var rætt um fréttabréfið og sagt frá því að eintök hefðu einnig verið seld til fyrirtækja.

Spurt var hvert upplagið að fréttabréfinu hefði verið í ár. Svarað var að það hefði verið 350 eintök og lítið eftir, raunar aldrei verið eins líttill afgangur. Reynt væri að láta upplagið passa og sitja ekki upp með of mörg eintök. Þá kom fram í svari að eintökum hafi verið skilað á Þjóðarbókhöðuna, bæði í pappír og í pdf og mikilvægt væri að halda því áfram.

Spurt var hvort aðrir klúbbar stæðu fyrir gerð fréttabréfs eins og FÁSES. Svarað var að það væri misjafnt.

Reynir Þór sagði mikilvægt að fréttabréfið væri gefið út í því formi sem nú er og benti á að með sparnaði við að gera það ekki gæti virkni horfið. Bréfinu væri vel ritstýrt, margar raddir fengju að heyrast þar og samvinna við vinnu bréfsins. Félagasamtök sem þessi ættu ekki að vera rekin með hagnaði heldur bara standa undir sér og kannski rétt rúmlega það og kostnaður félagsins við bréfið væri ekki nema um 20% af tekjum þess og það væri vel.

Áfram var rætt um fréttabréfið og fram kom að rafrænt eintak af bréfunum birtust ekki á vef FÁSES fyrr en eftir keppni, að margir félagar borgi félagsgjöldin eingöngu til að fá fréttabréfið í hendurnar og margir væri mjög ánægðir með það.

Anna Sigga lagði fram hugmynd um að skoða að fá fyrirtæki til að styrkja útgáfu blaðsins með því að fá auglýsingu í það og rafræna útgáfu af fréttabréfinu fyrir allt starfsfólk sitt. Vel var tekið í hugmyndina.

Spurt var hvort félagar væru ekki látnir greiða gjöldin við að fá senda kröfu í heimabanka sjálfir. Svarað var að lagðar væru 500 kr. á kröfur erlendis til að mæta kostnaði við erlendu kröfurnar. Spurt var hvort Paypal eða aðrar leiðir til að greiða erlendis frá hefðu verið skoðaðar og því svarað til að það hefði verið gert en þótti of dýrt að minnsta kosti enn sem komið er.

Ekki voru fleiri umræður og spurningar og lagði Sunna reikninginn til samþykktar og var hann samþykktur með lófataki.

#### **4. Lagabreytingar**

Sunna greindi frá því að tillögur að breytingum á samþykktum félagsins þyrftu að berast stjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Engar tillögur hefðu borist frá félagsfólki en ein frá stjórn félagsins. Bauð hún Hildi, ritara FÁSES í pontu til að fara yfir breytingatillögu stjórnar.

Hildur sagði frá því að tillagan snérist um breytingu á 1. másl. 2. mgr. 4. gr. samþykka FÁSES. Í stað núverandi másl. sem er svohljóðandi: „*Allir gildir félagar skulu greiða félagsgjöld fyrir 15. október fyrir komandi félagsár til að geta nýtt forkaupsrétt á miðum.*” yrði másl. svohljóðandi: „*Allir gildir félagar skulu greiða félagsgjöld fyrir 25. september fyrir komandi félagsár til að geta nýtt forkaupsrétt á miðum á Eurovision.*”

Hildur sagði frá því að breytingin lægi í tvennu:

- a. Í stað orðanna *15. október* kemur *25. september*.
- b. Aftast bætast við orðin *á Eurovision*.

Rökstuðningur stjórnar fyrir breytingunni væri sá að sala á miðapökkum til aðdáenda færi fram sífellt fyrr á árinu og því mikilvægt að dagsetning fyrir greidd félagsgjöld væri nægilega snemma svo að hægt sé að tryggja hverjir ættu rétt á að óska eftir miðum. Þá vildi stjórn bæta við orðinu Eurovision aftast í másl. til að ljóst sé að um sé að ræða miðasölu á Eurovision en ekki aðrar miðasölur sem félagið kann að standa fyrir, s.s. á Söngvakeppnina.

Þá kynnti Hildur tvær afleiðubreytingar á 2. másl. 2. mgr. 4. gr. og 2. másl. 2. mgr. 3. gr. Í fyrri málsliðinn kæmu orðin *25. september* í stað orðanna *15. október* og í seinni málsliðnum kæmi orðið *september* í stað orðsins *október*.

Opnað var fyrir umræður um tillöguna.

Laufey lagði til að ekki væri fest dagsetning í samþykktirnar heldur að fram kæmi að stjórn tæki ákvörðun um greiðslufrest með hæfilegum fyrirvara fyrir félagsfólk. Þá benti hún á að í útsendum

gögnum hefði komið fram að seinni afleiðubreyting væri í 4. gr. samþykktanna en um væri að ræða 3. gr. samþykktanna.

Reynir sagðist sammála breytingunni en velti þú upp hvort ekki væri komin þörf á að flytja mörk starfsársins til dæmis frá 1. ágúst eða 1. september. Eðlilegt væri að borga félagsgjöld í kringum upphaf starfsárs. Þá sagði hann hugmynd Laufeyjar sniðuga og breyta þá starfsárinu á næsta fundi.

Garðar sagðist sammála breytingunni sem lögð væri fyrir en spurði hvort gjalddagi og eindagi krafna fyrir félagsgjöld mættu ekki fylgja þessum dagsetningum og þá væri eindaginn á þessu deadline. Auður svaraði því til að kröfur væru ekki sendar út strax heldur væri félagsfólki alltaf fyrst gefinn kostur á að millifæra félagsgjaldið því að þá þyrfti það ekki að greiða kostnaðinn við kröfuna.

Laufey dró tillögu sína til baka í ljósi þess sem Reynir hafði lagt fram. Reynir lagði þá til að tillaga Laufeyjar yrði tekin fyrir til að hægt væri að fara eftir henni á næsta ári því að miðasala á Eurovision færi fram áður en næsti aðalfundur væri haldinn og hann þyrfti til að breyta starfsárinu.

Konráð kom með hugmynd um að halda félagsfund fyrir næsta aðalfund til að færa starfsárið. Anna Sigga sagði að það þyrfti ekki því að tillaga Laufeyjar myndi bjarga okkur á næsta ári og hægt að breyta starfsárinu á aðalfundi 2018.

Laufey lagði fram skriflega breytingartillögu við tillögu stjórnar við 1. másl. 2. mgr. 4. gr. og var tillaga hennar svohljóðandi: „*Allir gildir félagar skulu greiða félagsgjöld að hausti, samkvæmt ákvörðun stjórnar FÁSES tekin með hæfilegum fyrirvara, til að geta nýtt sér forkaupsrétt á miðum á Eurovision*“

Tillagan var lögð fyrir fundinn og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fyrri afleiðubreyting á 2. másl. 2. mgr. 4. gr. með breytingatillögu Laufeyjar um að í stað orðanna *15. október* kæmu orðin *að hausti* var lögð fyrir fundinn og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Seinni afleiðubreyting á 2. másl. 2. mgr. 3. gr. með breytingatillögur Laufeyjar um að í stað orðsins *október* kæmu orðin *að hausti* var lögð fyrir fundinn og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **5. Kosning til stjórnar**

Sunna fór yfir í hvaða embætti yrði kjörið í ár hvaða framboð og voru þau eftirfarandi:

Formaður til tveggja ára  
Ritari til tveggja ára  
Gjaldkeri til eins árs  
Alþjóðafulltrúi til eins ára  
Varamenn 1 og 2 til eins árs.

Þá fór Sunna yfir þau framboð sem þegar höfðu borist og voru þau eftirfarandi:

Flosi Jón Ófeigsson í framboði til formanns  
Laufey Helga Guðmundsdóttir í framboði til ritara  
Ísak Pálmason í framboði til gjaldkera  
Anna Sigríður Hafliðadóttir í framboði til alþjóðafulltrúa  
Eva Björk Benediktsdóttir í framboði til varamanns 1  
Eyrún Ellý Valsdóttir í framboði til varamanns 2

Sunna kallaði eftir framboðum á fundinum. Engin framboð bárust og ofangreind því réttkjörin í stjórn FÁSES. Samþykkt með lófaklappi.

Sunna sagði þá frá þeim sem ganga úr stjórn en það eru Auður Geirsdóttir, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz og Steinunn Björk Bragadóttir. Laufey lagði til að klappað væri fyrir þeim sem var gert.

## **6. Kosning félagslegra skoðunarmanna**

Sunna sagði frá því að kjósa þyrfti tvo félagslega skoðunarmenn til eins árs. Hún fór yfir þau framboð sem höfðu borist og voru þau frá Auði Geirsdóttur og Arndísi Björnsdóttur. Sunna kallaði eftir fleiri framboðum á fundinum. Enginn bauð sig fram og Arndís og Auður því réttkjörnar sem skoðunarmenn reikninga.

## **7. Önnur mál.**

Sunna opnaði fyrir önnur mál.

1. Flosi óskaði eftir orðinu. Hann sagði frá því að hann hafi verið einn af stofnendum FÁSES og hvað honum þætti FÁSES frábær félagsskapur og hann hefði í raun bjargað honum eftir að hann flutti aftur til Íslands eftir búsetu erlendis og í dag væru margir af hans bestu vinum í FÁSES. Hann sagðist vilja vekja athygli á því hvað stofnendur hefðu lagt mikla vinnu í að koma félaginu á koppinn og langaði að þakka þeim stofnendum sem nú gengju úr stjórn sérstaklega fyrir. Hann kallaði því Auði, Eyrúnu og Hildi til sín og afhenti þeim blómvönd í þakkarskyni fyrir sitt framlag til félagsins. Auður, Eyrún og Hildur þökkuðu fyrir sig og Hildur sagði stuttlega frá aðdraganda stofnunar FÁSES.
2. Reynir óskaði eftir orðinu og sagði fáa aðalfundi skemmtilegri en aðalfundi FÁSES. Hann þakkaði fráfarandi stjórn fyrir frábært starf. Þá sagði hann fundargestum frá nýrri sýningu í Hönnunarsafni Íslands en þar eru íslensk plötuumslög sýnd. Sagði hann frá opnunarpátí sem allir væru velkomnir í og færi fram 27. október og leiðsögn um sýninguna sem hann yrði með sunnudaginn 29. október. Hvatti hann allt tónlistaráhugafólk til að mæta á annan hvorn viðburðinn eða bara á sýninguna sjálfa sem stæði fram á næsta ár. Sagði hann frá því að þrátt fyrir að ekkert Eurovision-plötuumslag væri á sýningunni þá væru þar plötuumslög frá listamönnum sem keppt hefðu í Eurovision en rúmlega 100 umslög væru á sýningunni allt frá árinu 1954 til dagsins í dag.
3. Sunna sagði frá því að verið væri að uppfæra og taka til í kortalistum og bað félagsfólk um að taka mynd af skírteinum sínum og senda stjórn en sagði einnig að sendur yrði tölvupóstur til félaga um þetta.

*Fleiri báðu ekki um orðið og fundi slitið kl. 21:14.*



